

## SVEINSPRÓF Í KLÆÐSKURÐI

Starfsgreinaráð í hönnunar- og handverksgreinum tilnefni í sveinsprófsnefndir í kjólasaumi, klæðskurði, gull- og silfursmíði, skósmíði og söðlasmíði. Frá 07.04.2015 til 31.12.2018 er sveinsprófsnefnd í klæðskurði skipuð eftirtöldum aðilum:

Aðalmenn:

Helga Rún Pálsdóttir

Jófríður Benediktsdóttir

Ingibjörg Óskarsdóttir

Varamenn:

Máni Sær Viktorsson

Kolbrún Sveinsdóttir

Edda Skúladóttir

## STARFSREGLUR OG FRAMKVÆMD

Sveinsprófsnefnd ber ábyrgð á prófþáttalýsingu, skilgreiningu á vægi prófþátta og framkvæmd sveinsprófa.

## KYNNING FYRIR PRÓFTÖKUM

Sveinsprófsnefnd heldur kynningu á framkvæmd og starfsreglum sveinsprófa fyrir próf. Þar fá væntanlegir próftakar allar þær upplýsingar sem þeir þurfa og geta þá lagt fyrir spurningar um þau atriði sem eru óljós. Gott er að vera með dæmi um skriflegt próf við höndina. Sjá nánari lýsingu hér að neðan.

## PRÓFSTAÐUR

Verklegi og skriflegi hluti sveinsprófs í klæðskurði fer fram eftir atvikum í viðeigandi skóla. Sveinsprófstaki fær nánari upplýsingar eigi síðar en þremur vikum fyrir próf.

## AÐSTAÐA

Til að leysa verkefni í sveinsprófi í klæðskurði þarf nemi að hafa viðeigandi verkfæri samkvæmt verkfæralista hverju sinni nema annað sé tekið fram. Sveinsprófsnefnd hefur tekið út aðstöðu og metið að prófaðstaðan sé fullnægjandi. ÍÐAN fræðslusetur og forsvarsmenn staðar þar sem prófið fer fram hafa gert með sér samning um afnot sveinsprófsnefnda af húsnæði fyrir sveinsprófin.

*Sveinsprófsnefndarmenn eru þeir einu sem hafa heimild til að vera viðstaddir í prófi nema annað sé ákveðið fyrir fram og ber þá að upplýsa próftaka sérstaklega*

## PRÓFÞÆTTIR OG VÆGI

Vægi prófþátta sveinsprófs í klæðskurði skiptist þannig:

- A) Sniðagerð, útlitsteikning og framsetning á verkefni 100%. Vægi lokaeinkunnar er 10%.
- B) Efnisval, sniðning og efnismeðferð 100%. Vægi lokaeinkunnar er 5%.
- C) Verklegur hluti, samsetning og frágangur 100%. Vægi lokaeinkunnar er 65%.
- D) Skriflegt próf 100%. Vægi lokaeinkunnar er 10%.
- E) Vinnuhraði 100%. Vægi lokaeinkunnar er 10%.

## SKRIFLEGT PRÓF

Við val á spurningum er leitast við að hafa sem mesta breidd og að þær endurspegli markmið og tilgang námsins, ásamt skilningi próftaka á faginu. Vægi þátta getur verið misjafnt en hver þáttur má aldrei veða meira en 20%. Miðað er við að skriflegt próf sé haldið á þriðja degi kl. 08:00 og komi það fram í upplýsingum til umsækjanda um sveinspróf. Próftími er 30 mínútur nema annað sé tekið fram.

## VERKLEGT PRÓF

Miðað er við að verklegt próf sé 40 klst, 5 vinnudagar, frá kl. 08–17. Gert er ráð fyrir 1 klst. í hádegis mat alla dagana. Verklega prófið skiptist í eftirfarandi verkþætti:

- A – Sniðagerð, útlitsteikning og framsetning á verkefni
- B – Efnisval, sniðning og efnismeðferð
- C – Verklegur hluti, samsetning og frágangur
- D – Skriflegt próf
- E – Vinnuhraði og skipulag

Próftaki er búinn að taka mál, teikna snið og útfæra áður en komið er í próf. Greinargóð útlitsteikning skal vera tilbúin. Einnig má vera búíð að undirbúa undirkragaefni og axlapúða. Buxnaklaufaprufa skal lögð fram í upphafi prófs og skal hún vera í samræmi við jakka sem saumaður er í prófinu og með streng. Jákvætt er að halda jöfnum og góðum vinnuhraða svo lengi sem það helst í hendur við fagleg og vönduð vinnubrögð. Til frádráttar telst ef próftaki vinnur hægar en viðmiðunartími.

Sérstaklega skal vakin athygli á 14. gr. 698/2009 um sveinspróf frá árinu 2009 þar sem stendur:

*Einkunnagjöf: Sérstök einkunn er gefin fyrir hvern prófþátt og skal próftaki ná tilskildum lágmarksárangri í hverjum prófþætti til þess að standast sveinsprófið. Einkunn í sveinsprófi byggist á reiknuðu meðaltali prófþátta en vægi og fjöldi þátta getur verið mismunandi eftir iðngreinum. Um einkunnagjöf á sveinsprófum fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum aðalnámskrár framhaldsskóla. Falli próftaki í prófþætti er honum heimilt að gangast undir endurtökupróf í þeim þætti eingöngu, verði því við komið, næst þegar sveinspróf er haldið í viðkomandi iðngrein. Sveinsprófsnefnd annast frekari útfærslu á tilhögun endurtökuprófa og framkvæmd þeirra.*

Númer	A	Þar af	Vægi	Til að uppfylla þennan þátt
	<b>Sniðteikning, framsetning á verkefni og útlitsteikningar.</b>		<b>100%</b>	<b>10% af lokaekunn</b>
	Sniðteikning	80%		Þetta metur prófnefnd út frá sniðteikningum og heildarútliti flíkur. Sniðteikningin skal vera hrein og öllum skiljanleg. Snið má ekki vera meira en 6 vikna gamalt og skal passa módelinu í byrjun prófs, eldri snið ekki tekin til greina. Gera skal snið af öllum hlutum sem sniðnir eru. Breytingar skulu færðar inn á snið, greinilega, í lit og með skýringum.
	Mappa / Framsetning á prófgögnum.	10%		Þetta er mat prófnefndar að prófi loknu. Jakki skilast í fatapoka, allt annað í möppu.
	Útlitsteikningar, vinnuteikning, verklýsing, skráning á dagbók.	10%		Vinnuteikningar þurfa að vera skýrar, lokaútlit á jakka. <b>Sýna</b> vinnuferli.
	<b>B</b>			
	<b>Efnismeðferð/sniðning</b>		<b>100%</b>	<b>5% af lokaekunn</b>
	Efnis- og fóðurval ásamt öðru tilleggi.	20%		Klassískt ullarefni, jakkafatafóður, lím fóður, kragafilt, pullur, púðar, tvinni og annað tillegg í samræmi við efnisval og vaxtalag móðelsins.
	Efni pressað/straujað fyrir sniðningu, krumpulaust.	20%		Hleypta þarf efnið og passa að það sé slétt fyrir sniðningu.
	Umgengni um flík og almenn snyrtimennska vinnusvæðis.	20%		Vanda skal umgengni við flík á verkferlinu. Vinnusvæði skal vera snyrtilegt.
	Efnislögn rétt á borði, efnisnýting, meðferð efna í sniðningu.	40%		Allir sniðhlutar þurfa að liggja rétt á efninu, skurður hreinn og sníða fram hjá göllum í efnum. Þráðréttur skulu mældar, athuga að rétta efnis snúi út á flíkinni.
	<b>C</b>			
	<b>Samsetning og frágangur</b>		<b>100%</b>	<b>65% af lokaekunn</b>
	Kragi, silki	10%		Brúnir beinar og jafnar, ekki markað í gegn, gæta þess að ekki sé los á silkinu yfir fallið, stússið sé jafnt, umbrotsvídd rétt, silkikragi/kragi sé samhverfur, niðurlagning ekki í gegn.
	Vasar, paspol-, brjóstvasi og fóðurvasar	15%		Lengd og staðsetning í samræmi við jakkahlutföll, brúnir beinar og jafnar, hér skiptir hver millimetri máli. Vasaendar hreinir og ótrosnaðir. Leyfilegt er að snúra vasaenda ef

				slys hefur orðið, en þá þarf líka að snúra alla vasa. Vasadýpt sé rétt. Vasabrúnir skulu vera fastar og tryggar.
	Ermar, klaufar og ermaísetning.	12,5%		Umframviðd þarf að vera rétt deilt í handvegin og ermin þarf að falla rétt, saumar og innafbrot vera slétt.
	Handsaumur	12,5%		Handsaumur er mikilvægur fyrir heildarsvip jakkans. Þarf að vera jafn, beinn, ekki í gegn, ekki of grófur eða djúpur. Efni skal liggja slétt undir sporum. Ætlast er til að próftaki noti saumhring við handsaum.
	Vélsaumur og bogar	2,5%		Saumar skulu vera beinir með hreinan svip, ekki með kipping, vel pressaðir og jafn langir nema um skekkju í vaxtarlagi sé að ræða.
	Innra byrði: fóður, hárdúkur, pullur, herðapúðar og annað tillegg.	7,5%		Fóður laust við kipping og umframviðd passandi. Hárdúkur rétt staðsettur, varist að hafa hann of síðan. Pullur og herðapúðar í samræmi við vaxtarlag móðelsins. Tvinni í samræmi við efni hverju sinni. Annað tillegg í samræmi við klæðskerasaumaðan jakka.
	Pressun og líming	10%		Saumar pressaðir jafnt og þétt á vinnuferlinu, ermi formpressuð. Flíkin skal vera laus við mar af saumförum og/eða tilleggi jakkans. Límið skal snúa rétt, vera slétt án bóla eða brota og rétt staðsett. Jakkin skal lokapressaður.
	Hnappagöt, tölur og áfesting	5%		Hnappagöt skulu vera handgerð, jöfn með skýru auga og ákveðinni heftingu, ris á kappmellu vera rétt. Tölustaðsetning eftir hefðbundum reglum, fjöldi talna smekksatriði en tölur snúi allar í sömu átt. Töluáfesting skal vera í samræmi við þær tölur sem notaðar eru.
	Buxnaklauf með streng	10%		Nota skal sama efni og í jakkanum. Buxnaklaufaprufa skal vera í samræmi við þann jakka sem valinn er. Farið er fram á sparibuxnaútfærslu.

	Heildarútlit, máttun og máltaka	15%		Útfærslur þurfa að vera í samræmi við teikningar og flíkin þarf að passa á módelið. Próftaki þarf að sýna kunnáttu í máltöku og notkun jafnvægismála. Skyld er að máta prófstykki a.m.k. einu sinni á meðan á prófi stendur og útskýra þær breytingar sem framkvæmdar verða. Í lok próftíma skal lokamátun fara fram.
	D		Vægi	
	<b>Skriflegt próf</b>		<b>100%</b>	<b>10% af lokaeinkunn</b>
				Í spurningum prófsins er leitast við að hafa sem mesta breidd, sem endurspeglar markmið og tilgang námsins ásamt skilningi próftaka á faginu.
	E		Vægi	
	<b>Vinnuhraði</b>		<b>100%</b>	<b>10% af lokaeinkunn</b>
	Vinnuskipulag	50%		Þessi þáttur er mat prófdómara hverju sinni og kemur þá skýrlega fram í dagbókarfærslum próftaka og sveinsprófsnefndar.
	Verkferlið (sjá dagbók)	50%		Þetta metur prófdómari út frá dagbókarfærslum próftaka og sveinsprófsnefndar.

### Vinnuhraði – Einkunnagjöf

Einkunn er reiknuð þannig: Unninn tími/viðmiðunartími x 10

Ef unninn tími er ≤ viðmiðunartími, fær nemi 10 í einkunn fyrir vinnuhraða.

Ef unninn tími er > viðmiðunartími og unninn tími er < 2x viðmiðunartími gildir formúlan hér fyrir ofan. Ef unninn tími er > 2x viðmiðunartími stenst nemi ekki próf.

Próftaka ber að sýna snyrtimennsku og hreinlæti í umgengni og ganga frá verkfærum og efni í lok dags. Persónulegt hreinlæti og snyrtimennska skal vera til fyrirmyndar.

### EINKUNNAGJÖF

Einkunn 10 vísar til þess að	95% - 100% markmiða var náð
Einkunn 9 vísar til þess að	85% - 94% markmiða var náð
Einkunn 8 vísar til þess að	75% - 84% markmiða var náð
Einkunn 7 vísar til þess að	65% - 74% markmiða var náð
Einkunn 6 vísar til þess að	55% - 64% markmiða var náð
Einkunn 5 vísar til þess að	45% - 54% markmiða var náð
Einkunn 4 vísar til þess að	35% - 44% markmiða var náð
Einkunn 3 vísar til þess að	25% - 34% markmiða var náð
Einkunn 2 vísar til þess að	15% - 24% markmiða var náð
Einkunn 1 vísar til þess að	0% - 14% markmiða var náð

## SKIL Á EINKUNNUM OG PRÓFSÝNING

---

Formenn sveinsprófa skila einkunnum á sveinsprófi til IÐUNNAR ekki seinna en þremur vikum eftir að sveinsprófi lýkur. Próftakar fá niðurstöður sveinsprófa afhentar eigi síðar en fjórum vikum eftir að prófið hefur verið haldið.

Strax að loknu verklegu prófi fer lokamátun fram. Prófstykki skal hanga og jafna sig í 5–7 daga eftir að prófi lýkur. Úrlausnir skulu vera tilbúnar eigi síðar en 24 dögum eftir próf. Prófnefnd kallar saman einn fund (sýnidag prófa) með próftaka er niðurstaða liggur fyrir og kynnir próftökum þær munnlega. Próftaki getur óskað eftir nánari skýringum á prófverkefninu á þessum fundi, munnlega. Falli próftaki í prófbætti er honum heimilt að gangast undir endurtökupróf í þeim bætti eingöngu, verði því viðkomið, næst þegar sveinspróf er haldið í klæðskurði.

Ef um veikindi er að ræða í verklegu prófi verður viðkomandi sveinsprófstaki að bíða þar til næsta próf verður í boði. Sveinsprófsnefnd ber ábyrgð á að sveinsprófsverkefni sé varðveitt með ákveðnum hætti, s.s. eins og með mynd eða öðrum sannanlegum hætti, í eitt ár eftir að prófi lýkur.

Skriflegum úrlausnum skal eytt tryggilega að þeim tíma liðnum og er sveinsprófsnefnd/IÐAN ábyrg fyrir þeirri framkvæmd. Um meðferð kærumála skal lúta reglugerð nr. 689/2009 um sveinspróf.

### ALMENNAR REGLUR

- Próftaki skal mæta til prófs á réttum tíma.
- Próftaki má hafa með sér gögn og verkfæri sem eru gefin upp í upplýsingabréfi.
- Þurfi próftaki að yfirgefa prófsvæðið á meðan próf stendur yfir skal það gert í samráði við prófdómara.
- Ef próftaki mætir 15 mín. of seint í próf getur hann átt á hættu að vera vísað frá prófi.
- Ef um veikindi er að ræða í verklegu prófi verður viðkomandi sveinsprófstaki að bíða þar til næsta próf verður í boði.
- Ef staðfesting frá viðkomandi framhaldsskóla um námsörðugleika er til staðar fær viðkomandi sveinsprófstaki viðbótartíma (fyrir skriflegt próf), hámark 30 mínútur.
- Ef próftaki er haldinn ákveðnum prófkvíða skal hafa samband við náms- og starfsráðgjafa hjá IÐUNNI fræðslusetri við skráningu í sveinspróf.

*Þessar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um breytingar.*